


Rannsóknir á seiðastofnum Fljótaár árin 2006 og 2007

Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson

Skagafirði, nóv. 2007

VMST/07034



Veidimálastofnun Norðurlandsdeild

Sæmundargata 1, 550 Sauðárkrókur. Sími: 580-6340, Bréfsími:580-6342
Veffang: www.veidimal.is Netfang: nordurlandsdeild@veidimal.is

Inngangur og aðferðir

Seiðastofnar Fljótaár og vatnasvæðis hennar voru rannsakaðir 10. og 11. september 2006 og 28. ágúst 2007. Tilgangur rannsókna var að fá yfirlit yfir styrkleika seiðaárganga sem og útbreiðslu, afkomu og vöxt seiða í ánni með rafveiðum. Sambærilegar rannsóknir hafa farið fram í ánni á hverju ári í allmörg ár. Á grundvelli þessara upplýsinga er lagt mat á heildarástand fiskistofna Fljótaár.

Alls var rafveitt á 10 stöðum á vatnasvæðinu haustið 2006 og 9 stöðum 2007. Veitt var á hefðbundnu veiðistöðunum fimm í Fljótaá 2006, í þremur lækjum sem renna í ána, Hvammlæk, Straumlæk og Skeiða auk þess sem veitt var í Reykjaá og Brúnastaðaá. Í ágúst 2007 var ekki veitt við neðri rafstöð né í Skeiða en veitt var bæði fyrir ofan og neðan ræsið í Hvammlæk. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 60 – 420 m² en minni svæði voru veidd þar sem meira var af seiðum eða aðstæður í ánum leyfðu ekki stærra svæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins og er því veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir sem eru einkennandi fyrir einstaka árkafli.

Þéttleiki seiða var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverri stöð bæði árin þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta seiðavísitölu en ekki heildarfjölda seiða: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis } m^2) * 100m^2$ (tölur 1-2 og 11-12).

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Meðallengd og -þyngd allra laxa- og bleikjuseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverri stöð bæði árin (tölur 3-8 og 13-18). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga seiða á hverri stöð út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum athugunarstað og þéttleika sama árgangs á sömu stöð: $\text{lífþyngd á } 100\text{m}^2 = \text{meðalþyngd (gr)} * \text{þéttleiki á } 100\text{m}^2$ (tölur 9-10 og 19-20).

Niðurstöður rafveiða 2006

Við Bakkavað er efsti hefðbundni rafveiðistaðurinn í Fljótaá (mynd 1). Þar veiddist í rafveiðunum 2006 aðeins einn árgangur laxaseiða, vorgömul seiði, eins og 2005 og var þéttleiki þeirra ekki mikill (tafla 1, mynd 2a og Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason VMST-N/0511). Auk laxaseiðanna veiddust vorgömul, eins- og tveggja ára bleikjuseiði en mestur var þéttleiki vorgömlu seiðanna (tafla 2, mynd 3a).

Á efri viðmiðunarstaðnum (mynd 1) veiddist mikið af tveggja ára laxaseiðum en minna af bæði vorgömlum og eins árs seiðum (tafla 1, mynd 2a). Einnig veiddist töluvert af vorgömlum bleikjuseiðum og vart varð við tveggja ára seiði (tafla 2, mynd 3a).

Rafveitt var við neðri rafstöðina (mynd 1) og var þar töluvert af vorgömlum og eins árs seiðum að finna en minna af tveggja ára (tafla 1, mynd 2a). Mikið veiddist af vorgömlum bleikjuseiðum og nokkuð af eins árs seiðum (tafla 2, mynd 3a).

Við Bjarnargil (mynd 1) var gífurlega mikill þéttleiki vorgamalla og eins árs laxaseiða og töluvert af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a) en í veiðunum 2005 fannst aðeins vottur af vorgömlum laxaseiðum á þessum stað (Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason VMST-N/0511). Vorgömul og tveggja ára bleikjuseiði veiddust einnig og var nokkuð mikið af þeim vorgömlu (tafla 2, mynd 3a).

Rétt ofan ósa Fljótaár, við þjóðvegsbrúna (mynd 1), var veitt að venju. Þar fundust bæði vorgömul og eins árs laxaseiði að þessu sinni (tafla 1, mynd 2b) en mjög misjafnt er milli ára hvað veiðist á þessum stað. Bleikjuseiðin sem veiddust voru flest vorgömul en eitthvað var þó um tveggja ára seiði líka (tafla 2, mynd 3a).

Veitt var ofan brúar í Straumlæk (mynd 1) en þar fundust eins- og tveggja ára laxaseiði (tafla 1, mynd 2b) og þrír árgangar bleikjuseiða, vorgömul seiði í mestum þéttleika en einnig nokkuð af eins- og tveggja ára seiðum (tafla 2, mynd 3b).

Í Hvammlæk var veitt ofan neðra ræsis (mynd 1). Engin laxaseiði veiddust en mjög mikið af vorgömlum, eins- og tveggja ára bleikjuseiðum og nokkuð af þriggja ára seiðum (töflur 1 og 2, mynd 3b).

Í Skeiðá (sem var misnefnd Þverá í skýrslunni 2005) varð vart við tveggja ára laxaseiði í rafveiðunum 2006 en nokkuð var af vorgömlum, eins- og tveggja ára seiðum á sama stað 2005 (Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason VMST-N/0511). Mikið fannst af bleikjuseiðum í ánni, mest af vorgömlum og eins árs en einnig nokkuð af tveggja- og þriggja ára seiðum auk þess sem fjögurra ára bleikju varð vart (tafla 2, mynd 3b).

Milli brúar og ræsis í Reykjaá veiddust fjórir árgangar bleikjuseiða, vorgömul til þriggja ára og reyndist vera mest af eins árs seiðum (tafla 2, mynd 3b).

Neðst í Brúnastaðaá fannst mjög mikið af vorgömlum bleikjuseiðum, töluvert af eins árs og vottur af tveggja ára seiðum (tafla 2, mynd 3b).

Niðurstöður rafveiða 2007

Á efsta rafveiðistaðnum, við Bakkavað, (mynd 1) veiddist aðeins eitt tveggja ára laxaseiði (tafla 11, mynd 4). Nokkuð fannst þar hinsvegar af bleikjuseiðum, mest af vorgömlum, nokkuð af tveggja ára og eitt fjögurra ára (tafla 12 og mynd 5a).

Rafveitt var við efri viðmiðunarstað (mynd 1) og var þar að finna eins- og tveggja ára laxaseiði þó þéttleiki þeirra væri ekki mikill (tafla 11 og mynd 4). Mun meira fannst af bleikjuseiðum, fjórir árgangar frá vorgömlum til þriggja ára og var mest af þeim vorgömlu en einnig nokkuð af tveggja ára seiðum (tafla 12, mynd 5a).

Við Bjarnargil (mynd 1) var þéttleiki laxaseiða nokkuð meiri en á efri veiðistöðunum, árgangarnir voru þó bara tveir, eins- og tveggja ára seiði og var nokkuð meira af eins

árs seiðunum (tafla 11, mynd 4). Þrjár árgangar bleikjuseiða veiddust við Bjarnargil, vorgömul til tveggja ára (tafla 12, mynd 5a).

Við Þjóðvegsbrúna, rétt ofan við ósinn, er neðsti rafveiðistaðurinn í Fljótaá (mynd 1) og veiddust þar vorgömul og eins árs laxaseiði í miklum þéttleika haustið 2007 (tafla 11, mynd 4) en engin bleikjuseiði (tafla 12).

Í Straumlæk var veitt ofan brúar eins og 2006 (mynd 1), þar fundust eins- og tveggja ára laxaseiði í nokkrum þéttleika (tafla 11, mynd 4). Einnig voru þar fjórir árgangar bleikjuseiða, vorgömul til þriggja ára og var þéttleiki vorgömlu seiðanna mestur (tafla 12, mynd 5b). Tvær eldri staðbundnar bleikjur veiddust og voru þær 22,7 og 29,0 cm langar en eru ekki teknar með í töflum og myndum í skýrslunni.

Í Hvammslæk var veitt bæði fyrir ofan og neðan ræsi sem reynt var að laga haustið 2006. Engin laxaseiði veiddust í Hvammslæk að þessu sinni en mjög mikið af bleikjuseiðum. Fyrir ofan ræsi voru bara vorgömul og eins árs seiði og var þéttleiki vorgömlu seiðanna nokkuð mikill (tafla 12, mynd 5b). Fyrir neðan ræsi var þéttleikinn mun meiri og árgangarnir fimm, vorgömul til fjögurra ára seiða (tafla 12, mynd 5b).

Í Reykjaá var veitt ofan ræsis en neðan gömlu brúar og var nokkuð um eins árs bleikjuseiði þar, auk þess sem vart varð við tveggja ára seiði (tafla 12, mynd 5b). Haustið 2006 fundust þarna einnig vorgömul og þriggja ára bleikjuseiði en þéttleiki þeirra var ekki mikill (tafla 2, mynd 3b).

Töluvert rask hafði verið í Brúnastaðaá á þeim stað sem veitt hefur verið undanfarin ár og því var veiðistaðnum hnikað aðeins til. Þar var þó mikið af bleikjuseiðum, sérstaklega vorgömlum og eins árs en einnig töluverður þéttleiki tveggja ára seiða auk þess sem fjögurra ára seiði fannst (tafla 12, mynd 5b).

Ástand og magn seiða í rafveiðum 2006 og 2007

Vöxtur seiða í Fljótaá hefur verið góður undanfarin ár. Haustin 2006 og 2007 voru laxaseiðin í flestum tilfellum aðeins yfir meðallagi að lengd og þyngd. Ástand þeirra

var auk þess mjög gott (tölur 3-5 og 13-15), almennt er miðað við að ástandsstuðull laxaseiða sé 1. Sömu sögu var að segja af bleikjuseiðunum, þau höfðu vaxið vel og voru í mjög góðum holdum. Ástandsstuðlar bleikjuseiða eru oftast um eða undir 0,9 og í Fljótaá voru þeir oftast vel yfir því gildi haustin 2006 og 2007 (tölur 8 og 18). Seiðin í Brúnastaðaá og Reykjaá voru nokkuð smærri en seiðin í Fljótaá bæði árin en þær ár eru ekki eins frjósamar og seiðin þar ávallt minni miðað við aldur en í Fljótaá, holdafar þeirra var þó einnig gott (tölur 6-8 og 16-18).

Haustið 2006 var lífþyngd, eða reiknaður heildarþungi allra laxaseiða, langmestur við Bjarnargil en þar var mjög mikið af öllum árgöngum seiða (tölur 1 og 9). Gönguseiðin vógu þar nokkuð þungt en lífþyngd reiknast út frá þyngd og þéttleika og stór seiði vega því mun þyngra en smá í slíkum útreikningum. Lífþyngd vorgamalla og eins árs laxaseiða var mest við Bjarnargil en tveggja ára seiða á efri viðmiðunarstað (tafla 9). Haustið 2007 var lífþyngd laxaseiða hinsvegar mest við ósinn þar sem þéttleiki vorgamalla og eins árs seiða var mestur þar (tölur 11 og 19). Lífþyngd tveggja ára seiða var þá mest við Bjarnargil (tafla 19).

Mest lífþyngd bleikjuseiða í Fljótaá sjálfri haustið 2006 var við Bjarnargil en þar var töluvert af tveggja ára seiðum (tafla 10), haustið 2007 var einnig töluverð lífþyngd við Bjarnargil en þó meiri á efri viðmiðunarstað þar sem tveggja- og þriggja ára seiði vógu mest (tafla 20). Árið 2006 var mesta lífþyngd bleikjuseiða á öllum veiðistöðunum á vatnasvæðinu í Skarðsá (affalli) en einnig var þá töluverð lífþyngd í Hvammlæk fyrir ofan ræsi (tafla 10). Í Hvammlæk, neðan ræsis, reyndist hinsvegar langmest lífþyngd bleikjuseiða í veiðinni 2007 en einnig var hún töluverð í Brúnastaðaá (tafla 20).

Veiðin 2006

Í Fljótaá veiddust 86 laxar sumarið 2006 og var langflestum þeirra sleppt aftur í ána (tafla 21). Stærstur hluti laxanna voru smálaxahængar en stórlaxar voru þó um 22% veiðinnar (tölur 22 og 23). Laxarnir voru á bilinu 1,5 – 7,5 kg að þyngd en flestir þeirra voru um 2,5 – 3,0 kg (myndir 6 og 7). Laxveiðin var mest frá miðjum júlí til miðs ágúst og veiddust þá 10 – 17 laxar á viku (mynd 8).

Bleikjurnar sem veiddust voru 357 talsins og var 11 þeirra sleppt aftur (tafla 21). Flestar voru bleikjurnar 1 kg að þyngd en þær stærstu voru um 2,5 kg (mynd 6). Bleikjuveiðin dreifðist nokkuð um tímabilið frá byrjun júlí til 16. september en langmest veiddist vikuna 22. – 28. júlí eða 115 bleikjur (mynd 8).

Veiðibókin frá sumrinu 2007 hafði ekki borist Veiðimálastofnun þegar þessi skýrsla var rituð. Laxveiði í ánni var þó talsvert meiri í ánni sumarið 2007 en 2006.

Umræður

Haustið 2006 voru laxaseiði nokkuð vel dreifð um Fljótaá miðað við árin þar á undan og átti það við um alla þrjá árgangana sem fundust. Þéttleiki var þó minnstur á efsta staðnum, við Bakkavað. Í fyrsta sinn síðan 2003 veiddust vorgömul laxaseiði á öllum stöðvum í Fljótaá en slíkt hefur aðeins gerst í þessi tvö skipti frá upphafi reglubundinna rannsókna í ánni árið 1986. Vorgömul seiði voru því óvenjuvel dreifð um ána en þéttleiki þeirra var langmestur við Bjarnargil (seiði úr hrygningu haustið 2005). Þar var einnig mikið af öðrum árgöngum seiða og þá sérstaklega árgömlum, þó veiddust aðeins þrjú vorgömul seiði sumarið 2005 við Bjarnargil. Það tekur seiði alltaf nokkurn tíma að dreifa sér um árnar og greinilegt að vorgömlu seiðin höfðu ekki numið land á veiðistaðnum við Bjarnargil þegar rafveiðar fóru fram 2005. Sumarið 2007 veiddust vorgömul laxaseiði aðeins á einum stað í Fljótaá, við ósinn. Þessi skortur á vorgömlum laxaseiðum í ánni nú í ár er sláandi, þó búast megi við því að veiðar eigi eftir að bera á þessum árgangi síðar, þegar seiðin hafa dreift sér betur um ána. Þéttleiki laxaseiða á ósasvæðinu var þó óvenjumikill og ánægjulegt að sjá að það svæði nýtist svo vel til seiðaframleiðslu sem raun ber vitni. Eldri árgangarnir voru betur dreifðir um ána 2007 en sá vorgamli.

Betur þarf að gera við lagfæringar á ræsum í hliðarlækjum Fljótaár þannig að þau verði geng bæði fullorðnum fiskum og seiðum. Aðgerðir sem farið var í til lagfæringa á fiskgengi í Hvammslæk hafa t.d ekki skilað tilætluðum árangri. Veiðimálastofnun hefur óskað eftir því við Vegagerðina að farið verði í frekari úrbætur hvað þetta varðar í Fljótaá en samstarf hefur verið á milli Norðurlandsdeildar og Vegagerðarinnar síðustu ár um rannsóknir á áhrifum ræsagerðar á fiskigöngur og lagfæringar ræsa.

Seiði hafa dafnað mjög vel í Fljótaá undanfarin ár og hefur vöxtur og holdafar þeirra verið með betra móti. Sumur hafa verið tiltölulega hlý og seiði gengið fyrir en ella vegna góðs vaxtar. Á heildina litið hefur þó verið talsvert minna af laxaseiðum í ánni en hún getur fósturað. Þegar litið er til samanburðar á niðurstöðum rannsóknaveiða árin 2006 og 2007 þá virðast árgangar skila sér illa á milli ára. Vorgömlu seiðin sem fundust við Bakkavað finnast ekki sem eins árs seiði á sama svæði árið eftir, nema í Straumlæk. Þrátt fyrir að árgangar eins- og tveggja ára seiða séu þokkalega sterkir á rannsóknasvæði við Bjarnargil í ár, þá er það ekki á nokkrum skala við það magn seiða sömu árganga sem veiddust á þeim stað árið áður. Aftur á móti hefur magn laxaseiða aukist mikið á veiðistað við ósinn.

Ganga laxaseiða úr Fljótaá var heldur slök vorið 2006 en að hluta má skýra það með gapi sem myndaðist á milli árganga vegna þess að seiði gengu yngri en áður sökum betri vaxtar. Sambærilega þróun hefur mátt sjá í mörgum öðrum ám norðanlands. Jákvæð áhrif aukins vaxtar komu því fram í því að kynslóðabil varð styttra, en síðan hefur hægt aðeins á vexti aftur og því myndast tómarúm þar til næstu árgangar taka við. Vorið 2007 var ganga seiða úr ánni hinsvegar betri en árið á undan en þau seiði ættu að skila sér til baka í ánni sem smálaxar sumarið 2008 og stórlaxar 2009. Seiðagangan 2008 verður líklega í meðallagi, nokkuð minni en sú sem fór 2007.

Ástand bleikjuseiðastofna Fljótaár er ágætt þessi árin, þau hafa vaxið og dafnað mjög vel eins og laxaseiðin en þéttleiki hefur oft verið meiri í gegnum tíðina. Hliðarlækir fóstura þó mjög mikið af bleikjuseiðum og þá sér í lagi Hvammlækur og Skeiða. Einnig hefur bleikjustofn Brúnastaðaár verið að eflast aftur og þéttleiki seiða þar aukist verulega undanfarin ár. Bleikjustofnar á Norðurlandi hafa átt erfitt uppdráttar síðustu ár og á það bæði við um sjóbleikju og vatnableikju. Þær ár sem falla í Miklavatn skera sig því nokkuð úr hvað varðar jákvæða stöðu bleikjustofna.

Á heildina litið er ástand fiskistofna Fljótaár þokkalegt. Laxagöngur voru í meðallagi úr ánni vorið 2007 og verða það einnig vorið 2008. Það er samt áhyggjuefni að ekki skyldu veiðast vorgömul laxaseiði víðar um ána og að árgangar skuli ekki skila sér betur á milli ára í ánni en raun ber vitni. Eins árs seiði voru nokkuð dreifð um ána haustið 2007 og vonandi að sá árgangur skili sér þokkalega áfram.

Undanfarin ár hefur Fljótaá ekki verið að fóstta það magn laxaseiða sem hún á að geta. Þessu þarf að breyta. Huga þarf að fiskræktaraðgerðum í ánni og hvaða veiðisókn hentar best til uppbyggingar laxastofna Fljótaár. Lagt er til að Veiðimálastofnun fari yfir það með forsvarsmönnum veiðifélagsins og leigutaka hvernig ná megi bestum árangri við uppbyggingu fiskistofna árinna.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fljótaá haustið 2006.

Staður	Stærð svæðis (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	gs
Bakkavað	420	0,48				
Efri viðmiðunarstaður	392	1,53	1,79	3,06		
Neðri rafstöð	112	2,68	5,36	0,89		
Við Bjarnargil	132	41,67	25,76	3,79		2,27
Ós	135	1,48	0,74			
Straumlækur stöð 1	198		1,52	0,51		
Hvammlækur stöð 3	108					
Skeiðá	122			0,82		
Reykjaá stöð 1	234					
Brúnastaðaá	272					

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fljótaá haustið 2006.

Staður	Stærð svæðis (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Bakkavað	420	3,33	1,67	1,19		
Efri viðmiðunarstaður	392	3,83		0,51		
Neðri rafstöð	112	9,82	1,79			
Við Bjarnargil	132	12,88		3,79		
Ós	135	3,70		0,74		
Straumlækur stöð 1	198	3,54	2,02	0,51		
Hvammlækur stöð 3	108	17,59	10,19	9,26	2,78	
Skeiðá	122	9,84	10,66	6,56	2,46	0,82
Reykjaá stöð 1	234	0,43	2,14	0,43	0,43	
Brúnastaðaá	272	15,44	5,88	0,37		

Tafla 3: Meðallengd (cm) og staðalfrávik laxaseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2006 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+			gönguseiði		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	4,60	0,00	2												
Efri viðmiðunarstaður	3,85	0,26	6	7,73	0,97	7	11,25	0,59	12						
Neðri rafstöð	4,03	0,25	3	8,08	0,62	6	12,50		1						
Við Bjarnargil	3,94	0,25	55	8,24	0,66	34	9,86	0,23	5				14,83	0,91	3
Ós	3,95	0,07	2	8,40		1									
Straumlækur stöð 1				5,53	0,31	3	8,90		1						
Hvammlækur stöð 3															
Skeiðá							13,30		1						
Reykjaá stöð 1															
Brúnastaðaá															
Samtals	3,96	0,27	68	8,05	0,93	51	10,95	1,11	20				14,83	0,91	3

Tafla 4: Meðalþyngd (g) og staðalfrávik laxaseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2006 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+			gönguseiði		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	1,00	0,14	2												
Efri viðmiðunarstaður	0,72	0,19	6	5,57	1,92	7	16,06	2,47	12						
Neðri rafstöð	0,73	0,06	3	5,88	1,10	6	22,20		1						
Við Bjarnargil	0,68	0,14	55	6,03	1,43	34	10,22	0,84	5				37,03	6,41	3
Ós	0,60	0,00	2	7,00		1									
Straumlækur stöð 1				2,00	0,35	3	7,70		1						
Hvammlækur stöð 3															
Skeiðá							27,50		1						
Reykjaá stöð 1															
Brúnastaðaá															
Samtals	0,69	0,15	68	5,81	1,69	51	15,06	4,92	20				37,03	6,41	3

Tafla 5: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Fljótaá haustið 2006 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+			gönguseiði		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	1,03	0,15	2												
Efri viðmiðunarstaður	1,24	0,18	6	1,17	0,11	7	1,12	0,06	12						
Neðri rafstöð	1,13	0,14	3	1,11	0,07	6	1,14		1						
Við Bjarnargil	1,10	0,10	55	1,06	0,04	34	1,06	0,03	5				1,13	0,01	3
Ós	0,97	0,05	2	1,18		1									
Straumlækur stöð 1				1,17	0,07	3	1,09		1						
Hvammlækur stöð 3															
Skeiða							1,17		1						
Reykjaá stöð 1															
Brúnastaðaá															
Samtals	1,10	0,12	68	1,09	0,07	51	1,11	0,06	20				1,13	0,01	3

Tafla 6: Meðallengd (cm) og staðalfrávik bleikjuseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2006 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	5,57	0,44	14	9,06	0,36	7	10,44	0,24	5						
Efri viðmiðunarstaður	5,28	0,44	15				11,10	0,42	2						
Neðri rafstöð	5,51	0,69	11	9,50	0,14	2									
Við Bjarnargil	5,11	0,53	17				11,18	0,91	5						
Ós	5,54	0,84	5				10,70		1						
Straumlækur stöð 1	5,13	0,70	7	8,63	0,68	4	10,10		1						
Hvammslækur stöð 3	5,02	0,72	19	7,81	0,59	11	10,18	0,87	10	13,20	1,64	3			
Skeiða	5,63	0,58	12	10,39	0,78	13	12,14	0,55	8	14,40	0,57	2	15,60		1
Reykjaá stöð 1	3,50		1	7,38	0,60	5	10,30		1	16,70		1			
Brúnastaðaá	3,82	0,30	42	7,04	0,80	16	10,50		1						
Samtals	4,86	0,88	143	8,41	1,45	58	10,91	1,00	34	14,18	1,73	6	15,60		1

Tafla 7: Meðalþyngd (g) og staðalfrávik bleikjuseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2006 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	1,66	0,53	14	7,99	1,25	7	11,84	0,68	5						
Efri viðmiðunarstaður	1,39	0,33	15				13,65	1,34	2						
Neðri rafstöð	1,64	0,67	11	8,25	0,49	2									
Við Bjarnargil	1,31	0,45	17				13,48	3,53	5						
Ós	1,66	0,65	5				8,90		1						
Straumlækur stöð 1	1,31	0,61	7	6,95	1,35	4	10,40		1						
Hvammslækur stöð 3	1,31	0,59	19	4,56	1,07	11	11,38	2,53	10	28,83	13	3			
Skeiða	1,92	0,60	12	11,40	2,36	13	18,13	2,47	8	29,25	2	2	38,50		1
Reykjaá stöð 1	0,40		1	4,42	1,49	5	11,00		1	53,30		1			
Brúnastaðaá	0,51	0,12	42	3,47	1,21	16	9,90		1						
Samtals	1,20	0,66	143	6,49	3,43	58	13,32	3,62	34	33,05	13,09	6	38,50		1

Tafla 8: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í Fljótaá haustið 2006 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	0,93	0,09	14	1,07	0,10	7	1,04	0,05	5						
Efri viðmiðunarstaður	0,94	0,10	15				1,00	0,02	2						
Neðri rafstöð	0,93	0,06	11	0,96	0,01	2									
Við Bjarnargil	0,95	0,09	17				0,95	0,04	5						
Ós	0,93	0,06	5				0,73		1						
Straumlækur stöð 1	0,91	0,08	7	1,08	0,10	4	1,01		1						
Hvammslækur stöð 3	0,96	0,11	19	0,94	0,07	11	1,07	0,08	10	1,20	0,12	3			
Skeiða	1,04	0,10	12	1,00	0,04	13	1,01	0,03	8	0,98	0,03	2	1,01		1
Reykjaá stöð 1	0,93		1	1,06	0,12	5	1,01		1	1,14		1			
Brúnastaðaá	0,90	0,12	42	0,96	0,09	16	0,86		1						
Samtals	0,94	0,11	143	1,00	0,09	58	1,01	0,08	34	1,11	0,13	6	1,01		1

Tafla 9: Vísitala lífþyngdar laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2006. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	gs	
Bakkavað	0,5					0,5
Efri viðmiðunarstaður	1,1	9,9	49,2			60,2
Neðri rafstöð	2,0	31,5	19,8			53,3
Við Bjarnargil	28,3	155,2	38,7		84,2	306,4
Ós	0,9	5,2				6,1
Straumlækur stöð 1		3,3	3,9			7,2
Hvammlækur stöð 3						0,0
Skeiðá			22,5			22,5
Reykjaá stöð 1						0,0
Brúnastaðaá						0,0

Tafla 10: Vísitala lífþyngdar bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2006. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Bakkavað	5,5	13,3	14,1			33,0
Efri viðmiðunarstaður	5,3		7,0			12,3
Neðri rafstöð	16,1	14,7				30,8
Við Bjarnargil	16,9		51,1			68,0
Ós	6,1		6,6			12,7
Straumlækur stöð 1	4,6	14,0	5,3			23,9
Hvammlækur stöð 3	23,0	46,5	105,4	80,1		254,9
Skeiðá	18,9	121,5	118,9	71,9	31,6	362,7
Reykjaá stöð 1	0,2	9,4	4,7	22,8		37,1
Brúnastaðaá	7,8	20,4	3,6			31,9

Tafla 11: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fljótaá haustið 2007.

Staður	Stærð svæðis (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Bakkavað	160			0,63	
Efri viðmiðunarstaður	276		1,09	0,36	
Við Bjarnargil	180		4,44	2,22	
Ós	100	30,00	15,00		
Straumlækur st 1	160		1,88	1,25	
Hvammslækur st 3	60				
Hvammslækur st 4	62,5				
Reykjaá st 1	240				
Brúnastaðaá	90				

Tafla 12: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fljótaá haustið 2007.

Staður	Stærð svæðis (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Bakkavað	160	2,50		1,88		0,63
Efri viðmiðunarstaður	276	5,07	0,36	2,90	0,72	
Við Bjarnargil	180	1,67	1,67	3,33		
Ós	100					
Straumlækur st 1	160	5,00	1,88	1,88	0,63	
Hvammslækur st 3	60	26,67	3,33			
Hvammslækur st 4	62,5	97,60	24,00	4,80	11,20	1,60
Reykjaá st 1	240		5,83	0,83		
Brúnastaðaá	90	18,89	13,33	7,78		1,11

Tafla 13: Meðallengd (cm) og staðalfrávik laxaseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2007 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað							11,80		1			
Efri viðmiðunarstaður				8,83	0,29	3	10,90		1			
Við Bjarnargil				7,99	0,53	8	11,98	0,74	4			
Ós	4,27	0,28	30	7,61	0,46	15						
Straumlækur stöð 1				8,40	0,30	3	12,00	1,70	2			
Hvammlækur stöð 3												
Hvammlækur stöð 4												
Reykjaá stöð 1												
Brúnastaðaá												
Samtals	4,27	0,28	30	7,92	0,59	29	11,83	0,89	8			

Tafla 14: Meðalþyngd (g) og staðalfrávik laxaseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2007 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað							19,50		1			
Efri viðmiðunarstaður				7,90	0,98	3	18,20		1			
Við Bjarnargil				6,09	1,24	8	22,70	3,93	4			
Ós	0,83	0,17	30	4,77	0,81	15						
Straumlækur stöð 1				7,40	0,44	3	22,45	10,11	2			
Hvammlækur stöð 3												
Hvammlækur stöð 4												
Reykjaá stöð 1												
Brúnastaðaá												
Samtals	0,83	0,17	30	5,73	1,46	29	21,68	4,94	8			

Tafla 15: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Fljótaá haustið 2007 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað							1,19		1			
Efri viðmiðunarstaður				1,14	0,05	3	1,41		1			
Við Bjarnargil				1,18	0,09	8	1,31	0,09	4			
Ós	1,06	0,12	30	1,07	0,06	15						
Straumlækur stöð 1				1,25	0,08	3	1,25	0,05	2			
Hvammlækur stöð 3												
Hvammlækur stöð 4												
Reykjaá stöð 1												
Brúnastaðaá												
Samtals	1,06	0,12	30	1,13	0,09	29	1,29	0,09	8			

Tafla 16: Meðallengd (cm) og staðalfrávik bleikjuseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2007 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	6,45	0,52	4				11,63	0,71	3				14,60		1
Efri viðmiðunarstaður	6,09	0,44	14	9,20		1	11,58	0,65	8	13,10	0,14	2			
Við Bjarnargil	6,13	0,21	3	9,50	1,21	3	11,38	0,39	6						
Ós															
Straumlækur stöð 1	5,73	0,41	8	8,70	0,36	3	10,17	0,12	3	12,40		1			
Hvammslækur stöð 3	4,97	0,47	16	8,45	0,21	2									
Hvammslækur stöð 4	5,60	0,73	61	8,94	0,47	15	11,60	0,87	3	13,17	0,33	7	16,40		1
Reykjaá stöð 1				7,87	0,53	14	10,20	0,99	2						
Brúnastaðaá	4,29	0,50	17	7,60	0,84	17	10,70	0,00	2				15,50		1
Samtals	5,44	0,83	123	8,26	0,90	55	11,22	0,77	27	13,08	0,36	10	15,50	0,90	3

Tafla 17: Meðalþyngd (g) og staðalfrávik bleikjuseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2007 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	2,55	0,57	4				18,80	3,05	3				31,70		1
Efri viðmiðunarstaður	2,16	0,47	14	9,50		1	16,56	2,91	8	31,95	8	2			
Við Bjarnargil	2,13	0,38	3	8,77	3,18	3	15,02	2,05	6						
Ós															
Straumlækur stöð 1	1,90	0,42	8	6,97	0,83	3	11,10	0,30	3	19,30		1			
Hvammslækur stöð 3	1,15	0,36	16	5,95	0,07	2									
Hvammslækur stöð 4	1,67	0,57	61	7,05	1,29	15	15,73	3,93	3	23,47	2	7	50,50		1
Reykjaá stöð 1				4,89	1,11	14	10,15	2,76	2						
Brúnastaðaá	0,71	0,27	17	4,39	1,64	17	10,80	1,13	2				41,40		1
Samtals	1,58	0,67	123	5,77	2,01	55	14,87	3,57	27	24,75	5,08	10	41,20	9,40	3

Tafla 18: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í Fljótaá haustið 2007 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	0,94	0,06	4				1,19	0,11	3				1,02		1
Efri viðmiðunarstaður	0,95	0,09	14	1,22		1	1,06	0,09	8	1,43	0,42	2			
Við Bjarnargil	0,92	0,08	3	0,99	0,02	3	1,01	0,09	6						
Ós															
Straumlækur stöð 1	1,00	0,08	8	1,05	0,01	3	1,06	0,02	3	1,01		1			
Hvammslækur stöð 3	0,91	0,07	16	0,99	0,06	2									
Hvammslækur stöð 4	0,92	0,08	61	0,98	0,07	15	0,99	0,05	3	1,03	0,03	7	1,14		1
Reykjaá stöð 1				0,99	0,10	14	0,95	0,02	2						
Brúnastaðaá	0,85	0,10	17	0,96	0,20	17	0,88	0,09	2				1,11		1
Samtals	0,92	0,09	123	0,98	0,13	55	1,04	0,10	27	1,11	0,22	10	1,09	0,07	3

Tafla 19: Vísitala lífþyngdar laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2007. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)				
	0+	1+	2+	3+	Samtals
Bakkavað			12,2		12,2
Efri viðmiðunarstaður		8,6	6,6		15,2
Við Bjarnargil		27,1	50,4		77,5
Ós	24,9	71,5			96,4
Straumlækur stöð 1		13,9	28,1		41,9
Hvammslækur stöð 3					0,0
Hvammslækur stöð 4					0,0
Reykjaá stöð 1					0,0
Brúnastaðaá					0,0

Tafla 20: Vísitala lífþyngdar bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2007. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					
	0+	1+	2+	3+	4+	Samtals
Bakkavað	6,4		35,3		19,8	61,4
Efri viðmiðunarstaður	10,9	3,4	48,0	23,2		85,5
Við Bjarnargil	3,6	14,6	50,1			68,2
Ós						0,0
Straumlækur stöð 1	9,5	13,1	20,8	12,1		55,4
Hvammslækur stöð 3	30,7	19,8				50,5
Hvammslækur stöð 4	163,0	169,3	75,5	262,9	80,8	751,5
Reykjaá stöð 1		28,5	8,5			37,0
Brúnastaðaá	13,3	58,5	84,0		46,0	201,8

Tafla 21: Fjöldi veiddra og sleptra laxa, urriða og bleikju ásamt afla í Fljótaá árið 2006.


	Lax	Bleikja	Urriði
Veði	86	357	0
Sleppt	71	11	0
Afli	15	346	0

Tafla 22: Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Fljótaá 2006.


	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veði	49	28	9	86
Sleppt	39	23	9	71
Afli	10	5	0	15

Tafla 23: Laxveiðin í Fljótaá 2006. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalþ. = meðalþyngd í kg).


Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngur.			Samtals	
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.
1	41	2,7	63,1	16	2,7	24,6	8	2,8	12,3	65	2,7
2	8	5	42,1	10	5,6	52,6	1	4,5	5,3	19	5,3
Óvíst			0,0	2		100,0			0,0	2	
Alls	49	3,1	57,0	28	3,5	32,6	9	3	10,5	86	3,2




Mynd 1. Rafveiðistaðir í Fljótaá og hliðarám.




Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fljótaá haustið 2006.




Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fjótaá haustið 2006.




Mynd 3a: Lengdar- og aldersdreifing veiddra bleikjuseiða í Fljótaá haustið 2006.




Mynd 3b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í hliðarám Fljótaár, Reykjaá og Brúnastaðaá haustið 2006.




Mynd 4: Lengdar- og alursdreifing veiddra laxaseiða í Fjórtaá haustið 2007.




Mynd 5a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fljótaá haustið 2007.




Mynd 5b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í hliðarám Fljótaár, Reykjaá og Brúnastaðaá haustið 2007.



Mynd 6: Þyngdardreifing veiddra laxa og bleikju í Fljótaá sumarið 2006.



Mynd 7: Þyngdardreifing veiddra laxa í Fljótaá sumarið 2006 eftir kyni.



Mynd 8: Vikuleg lax- og bleikjuveiði í Fljótaá árið 2006.